

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisráðuneytið
Kristín Rannveig Snorradóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. febrúar 2011
2011010017/42-0
JGO/khs

Skýrsla starfshóps um vernd Breiðafjarðar

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 13. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skýrslu starfshóps umhverfisráðherra um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Starfshópur umhverfisráðherra hefur unnið mjög gott starf að mati Náttúrufræðistofnunar og skilað góðri skýrslu. Í skýrslunni er greinargóð úttekt á efni þeirra allþjóðasamninga sem taka þarf tillit til við vernd Breiðafjarðar og athygli vakin á því hvernig meginreglur umhverfisréttar þurfa að speglast í verndarákvæðum og framkvæmd. Náttúrufræðistofnun tekur í meginatriðum undir ályktanir og niðurstöður sem settar eru fram í skýrslunni. Sérstaklega þá ábendingu að tryggja þurfi að verndarsvæðið nái til hafspotns og hafsbols utan netlaga. Náttúrufræðistofnun tekur eindregið undir tillögu starfshópsins að breyta þurfi umsjón með verndarsvæðinu og fela hana þar til bærri stofnun eða stjórnvaldi í ríkara mæli.

Framtíðarvernd Breiðafjarðar verður að byggjast á grunni rannsókna og upplýsinga um verndargildi einstakra náttúru- og menningarminja. Þrátt fyrir talsvert vísindastarf á þessu svæði hafa rannsóknir og skráningar ekki verið markvissar og mikið vantar því upp á að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um verndun einstakra minja á svæðinu. Úr þessu þarf að bæta. Jafnframt er brýnt að hraða endurskoðun gildandi verndaráætlunar.

Virðingarfallst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

